| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 22. okt 2021 |
| **Námsgrein** | Lífsleikni |
| **Titill** | Virðing, efling, rökhugsun og atorka II |
| **Skammstöfun** | VERA1AB01 |
| **Viðfangsefni** | Tjáning og samvinna |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 1 |
| **Lýsing áfanga** | Markmið áfangans er að efla sjálfstraust nemenda í námi og framkomu. Nemendur fá þjálfun sem gagnast þeim í öðru námi við skólann eins og hópastarfi, samskiptum, framkomu og tjáningu. Áhersla er lögð á að efla samskiptahæfni nemenda, kurteisi, gagnkvæma virðingu og samvinnu þeirra á milli. Nemendur eru þjálfaðir í tjáningu, raddbeitingu, ritun tölvupósta og bréfa.<br>Áfram er lögð áhersla á að nemendur séu ábyrgir fyrir námi sínu og áfangavali. |
| **Forkröfur áfanga** | VERA1AA01 – áfanginn er tekinn á annarri önn |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• algengum samskiptareglum<br>• mikilvægi þess að koma skoðunum sínum á framfæri<br>• að fólk er mismunandi og getur haft ólíkar skoðanir<br>• að hegðun og framkoma hefur áhrif á aðra<br>• mikilvægi þess að ver kurteis og sýna virðingu<br>• kostum þess að vinna með fjölbreyttum hópi fólks |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• beita algengum samskiptareglum við mismunandi aðstæður<br>• gera sér grein fyrir að eigin framkoma hefur áhrif á aðra<br>• virða og taka tillit til annarra<br>• geta tjáð sig fyrir framan hóp af fólki<br>• vinna með öðrum að sameiginlegu verkefni |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:** |

| | |
|---|---|
| | • beita rökhugsun til þess að draga ályktanir og setja fram gagnrýni á skipulegan hátt<br>• geta gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og skoðunum á málefnalegan og rökstuddan hátt<br>• sýna öðrum einstaklingum, skoðunum þeirra og lífstíl virðingu og umburðarlyndi<br>• takast á við sameiginleg verkefni |
| **Námsmat** | Námsmat er nánar tilgreint á kennsluáætlun |